



# Þjónustustefna Skagabyggðar-drög

## Hlutverk

Að starfsemi sveitarfélagsins tryggi öllum íbúum sveitarfélagsins lögbundna þjónustu og upplýsi um valkvæða þjónustu sem sé í boði.

## Stefna

Stefna Skagabyggðar er að:

- öll lögmælt verkefni sveitarfélaga sé sinnt með tryggum hætti
- lögheimil verkefni séu skilgreind og kynnt opinberlega

## Markmið

### Almennt um þjónustu sveitarfélagsins

Lögð er áhersla á að þjónustan sé aðgengileg og taki mið af notenda hverju sinni. Þjónustan er sérhæfð fagkunnátta sem fléttist inn í starfsemi sveitarfélagsins. Alla þjónustu skal veita sem næst notandanum, þar sem viðkomandi er hverju sinni. Leitast verður við að veita þjónustuna á staðnum, í síma, tölvupóstsamskiptum eða í gegnum fjárfundi. Starfsmenn sveitarfélagsins og aðrir starfsmenn á grundvelli samstarfssamninga eða annarra samkomulaga skulu sinna starfi sínu af samviskusemi og sýna kurteisi, lipurð og réttsýni og starfa fyrst og fremst í þágu íbúa sveitarfélagsins sem leggur þeim þá skyldu á herðar að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum.

## Lögskyld verkefni

### Félagspjónusta sveitarfélagsins

Félagspjónusta Skagabyggðar er sinnt af byggðasamlagi um Félags- og skólapijónustu í Austur Húnavatnssýslu annarsvegar og hinsvegar með samningi við sveitarfélagið Skagafjörð sem leiðandi sveitarfélag í málefnum um fatlað fólk og barnaverndarþjónustu.

**Byggðasamlag um Félags- og skólapijónustu** í Austur Húnavatnssýslu er staðsett að Flúðabakka 2 á Blönduósi. Tilgangur byggðasamlagsins er að sinna þeim lögbundnu hlutverkum sem felast í eftirtöldum lögum með síðari breytingum og reglugerðum sem af lögnum leiða:

- Lögum um félagspjónustu sveitarfélaga nr 40/1991
- Lögum um grunnskóla nr 66/1995
- Lögum um leikskóla nr.78/1994
- Barnaverndarlög nr 80/2002 undir handleiðslu sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Starfsemin skiptist upp í 3 rekstrareiningar, félagspjónustu, skólapijónustu og öldrunarþjónustu. Hlutverk félagspjónustunnar er m.a. að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð á grundvelli samhjálp. Þjónustan skal byggja á því að koma til



móts við þarfir þeirra sem eftir þjónustunni leita með það að markmiði að félagslegir ráðgjafar hjálpi fólki til sjálfshjálpar þannig sérhver einstaklingur geti sem best notið sín í samfélaginu. Fjárhagsaðstoð er veitt samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga en samkvæmt þeim er hverjum og einum skylt að framfæra sjálfan sig, maka og börn yngri en 18 ára. Þjónustan skal veita íbúum sínum þjónustu og aðstoð sem er til þess fallin að bæta úr vanda eða koma í veg fyrir að fólk lendi í þeirri aðstöðu að geta ekki séð fyrir sér og sínum.

**Leiðandi sveitarfélag í málefnum fatlaðs fólks** er Skagafjörður. Skagabyggð er með samning við Skagafjörð sem sér um að þjónusta allt Norðurland vestra með tilliti til fatlaðs fólks samkvæmt ákvæðum laga um þjónustu við fatlað fólk og aðrar reglur og stjórnvaldsfyrirmæli er varða þann málaflokk og samþykktir um þjónustu. Markmið samningsins er að:

- tryggja fötluðu fólki samþætta og heildstæða þjónustu
- laga þjónustu að þörfum og óskum fatlaðs fólks með hliðsjón af ólíkum aðstæðum og stuðla þannig að auknu sjálfstæði þeirra
- stuðla að hagræðingu í rekstri með samþættingu þjónustu- og rekstrarþátta.

Þjónusta innan svæðisins er veitt á jafnræðisgrundvelli og byggja ákvarðanir um veitingu hennar á mati á þjónustubörf, þ.e. þá þjónustu sem er umfram 15 tíma en þeim er sinnt af byggðasamlagi um Félags- og skólaþjónustu. **Barnaverndarþjónustu** er sinnt með samningi við Skagafjörð sem er leiðandi sveitarfélag í þeim málaflokki fyrir allt Mið-Norðurland. Samningurinn tekur yfir þau verkefni sem eru samkvæmt 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem ekki eru sérstaklega falin öðrum.

Umdæmisráð landsbyggðanna tekur eftirfarandi ákvarðanir með úrskurði sbr. tilvitnuð ákvæði barnaverndarlaga:

1. Beiting úrræða án samþykkis foreldra, sbr. 26.gr.
2. Vistun barns utan heimilis í allt að fjóra mánuði, sbr. 27.gr.
3. Heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfur fyrir dómi um vistun barns í allt að tólf mánuði, sbr. 28.gr.
4. Heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um forsjárviptingu, sbr. 29.gr
5. Umgengni í fóstri og við vistun, sbr. 74. og 81. gr.

Umdæmisráð eru sjálfstæð í störfum sínum og standa utan við almenna stjórnsýslu sveitarfélaga. Barnaverndarþjónusta Mið-Norðurlands undirbýr og fer fram á úrskurð umdæmisráðs vegna mála sem lúta úrskurðarvaldi ráðsins. Barnaverndarþjónustu ber án tafar að koma úrskurði Umdæmisráðs til framkvæmdar í samræmi við hagsmuni barna.

### Húsnæðismál

Fasteignamat, skráning (t.a.m. eignaskiptayfirlýsingar) og öflun grunnupplýsinga: Skipulags- og byggingarfulltrúi annast f.h. sveitarfélagsins skráningar fasteigna í fasteignaskrá. Sveitarstjórn styðst við húsnæðisáætlun sveitarfélagsins sem er í árlegri endurskoðun. Sérstakur húsnæðisstuðningur: Er í boði fyrir þá sem það þurfa og falla undir viðmið reglna sveitarfélagsins. Sótt er um til Oddvita með afriti gögnum í samræmi við gildandi reglur. Viðhald fasteigna: Sveitarstjórn Skagabyggðar sér um viðhald á fasteignum sveitarfélagsins.



## Fræðslu- og menningarmál

Skagabyggð er með samstarfssamning við Sveitarfélagið Skagaströnd um rekstur grunnskóla og leikskóla á Skagaströnd. Innan samstarfssamningsins er einnig rekin frístund með hressingu fyrir yngri deild að loknum skóla sem er endurgjaldslaus fyrir nemendur Skagabyggðar þar til skólabíll leggur af stað. Öll grunnskólabörn geta fengið hádegisverð á skóládögum. Skólabílar sækja öll börn heim á bæi að morgni og skila heim í lok dags, aðeins er ein ferð heim. Skagabyggð er aðili að byggðasamlagi um rekstur Tónlistarskóla Austur Húnavatnssýslu. Í samstarfssamningi milli Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagaströnd er rekið saman almenningsbókasafn á Skagaströnd. Kálfshamarsvík er sögufrægur staður í eigu Skagabyggðar sem sveitarfélagið annast eftirlit með umgengni og hreinlætisaðstöðu, ásamt því að standa fyrir frekari uppbyggingu fyrir ferðamenn.

## Öryggis- og löggæslumál

Almannavarnir (að hluta): Sveitarfélagið fer eftir lögum um Almannavarnir nr. 82/2008. Oddviti Skagabyggðar er í almannavarnanefnd í umboði lögreglustjórans á Norðurlandi vestra. Skagabyggð rekur slökkvilið í samstarfi við Sveitarfélagið Skagaströnd með beint eignarhald í slökkvibífi, slökkviliðið er með aðstöðu á Skagaströnd. Slökkviliðið er einnig aðili að samstarfssamningi við slökkvilið Skagafjarðar um gagnkvæma aðstoð. Sjóvarnir: Sveitarstjórn Skagabyggðar fer með málefni sjóvarna samkvæmt lögum.

## Umhverfis- og skipulagsmál, dýrahald o.fl.

Eftirlit með mannvirkjagerð og leyfisveitingar: Skipulags- og byggingarfulltrúi sveitarfélagsins sér um eftirlit með mannvirkjagerð og leyfisveitingum í öllum sveitarfélaginu. Fjallskil: Tvær fjallskildeildir eru í Skagabyggð. Sveitarstjórn tilnefni fjallskilastjóra skv. sveitarstjórnarlögum í upphafi hvers kjörtímabils. Framkvæmd umhverfismats: Skipulags- og byggingarfulltrúi hefur f.h. sveitarfélagsins, eftirlit með að fullnægjandi umhverfismat sé unnið í tengslum við leyfisveitingar vegna framkvæmda. Heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir: Sveitarfélagið í heild heyrir undir Heilbrigðiseftirlit Norðurlands. Meindýraeyðing, dýraeftirlit: Sveitarfélagið gerir samninga við aðila vegna minka- og refaveiði í sveitarfélaginu. Dýraeftirlit sem er á höndum sveitarfélaga er sinnt af sveitarstjórn. Nafngiftir nýrra náttúruferðabæra: Það er á verksviði sveitarstjórnar að gera tillögur að nýjum örnefnum fyrir allt sveitarfélagið. Skipulagsmál: Skipulags- og byggingarnefnd gerir tillögur til sveitarstjórnar að nýjum deiliskipulögum og endurskoðun eldri skipulaga. Skipulags- og byggingarfulltrúi vinnur að framgangi skipulags til samræmis við ákvæði skipulagslaga. Söfnun og meðferð úrgangs: Sveitarfélagið er með samning við fyrirtæki varðandi meðhöndlun og förgun sorps í sveitarfélaginu. Tilkynningaskylda um fornleifar í hættu eða spjöll á friðlýstu svæði: Á verksviði skipulags- og byggingarnefndar fyrir allt sveitarfélagið. Verndarsvæði í byggð: Verndarsvæði í byggð er skipulagsmál á verksviði skipulags- og byggingarnefndar að hafa eftirlit með að unnið sé samkvæmt skilmálum verndar. Loftslagsstefna sveitarfélaga: Ekki er til loftlagsstefna fyrir Skagabyggð, sveitarfélagið stefni þó að gerð loftlags- og umhverfisstefnu fyrir allt sveitarfélagið í tengslum við innleiðingu á Grænum skrefum.

## Kosningar

Alþingis-, forseta- og sveitarstjórnarkosningar og þjóðaratkvæðagreiðslur: Framkvæmd kosninga í Skagabyggð fer fram samkvæmt kosningalögum nr. 112/2021. Í sveitarfélaginu er tilnefnd kjörstjórn á fyrsta fundi nýrrar sveitarstjórnar. Vikurnar fyrir kosningar býður



sveitarfélagið í samstarfi við sýslumanninn á Norðurlandi vestra upp á utankjörfundaratkvæðagreiðslu á þjónustuskrifstofu sveitarfélagsins en í Skagabyggð er aðeins ein kjördeild.

### Samgöngur

Lagning og viðhald vega og stíga: Sveitarstjórn sér um þessi mál í öllu sveitarfélaginu í samræmi við úthlutanir styrkvegafjár frá Vegagerðinni. Unnið er eftir gildandi framkvæmdaáætlun hverju sinni.

### Vatns- og fráveitur

Fráveitur: Skagabyggð sér um að láta losa rotþrær á lögbýlum í sveitarfélaginu á 3ja ára fresti og annarra frístundahúsnæði einnig á 3ja ára fresti í samráði við húsráðendur.

Vatnsveitur: Skagabyggð rekur enga vatnsveitu á vegum sveitarfélagsins.

### Íþrótt- og æskulýðsmál, Frístundaheimili:

Frístundaúrræði og lengd viðvera er fyrir skólabörn á Skagaströnd og Húnabyggð fyrir þau börn sem þangað sækja skóla. Skagabyggð í samstarfi við Sveitarfélagið Skagaströnd og ungmennafélagið Fram bjóða upp á íþróttaiðkanir að loknum skóladegi. Þjónusta við unglunga: Félagsmiðstöð er rekin í samstarfi við sveitarfélagið Skagaströnd, starf fyrir 12-16 ára. Skagabyggð býður börnum á aldrinum 12-18 ára upp á vinnuskóla á sumrin.

Æskulýðsmál: Styrktarsamningar eru við félög og félagasamtök á sviði æskulýðsstarfs í öllu héraðinu. Foreldrar grunnskólabarna í Skagabyggð eiga rétt á frístundastyrk til niðurgreiðslu á íþrótt- og tómstundastarfi.

### Heilbrigðismál

Innan byggðasamlags Félags og skólaþjónustu er rekið öldrunarheimili að Sæborg á Skagaströnd og íbúðir fyrir aldraða að Hnitbjörgum á Blönduósi og Ægisgrund á Skagaströnd.

### Ýmsar aðrar skyldur

Húsmæðraorlof: Skagabyggð greiðir í húsmæðraorlofssjóð fyrir konur í Austur Húnavatnssýslu, samkvæmt lögum um orlof húsmæðra nr. 53/1972. Jafnréttismál: Jafnréttisnefnd Skagabyggðar fer með ábyrgð á jafnréttismálum í Skagabyggð og fer eftir jafnréttisáætlun sem er endurskoðuð reglulega. Kirkjur og kirkjugarðar: Sveitarfélagið sinnir skyldum við kirkjugarða og kirkjur samkvæmt lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 og lög um kristnisjóð nr. 35/1970. Umsögn um rekstrarleyfi: Sveitarstjórn gefur umsagnir fyrir rekstrarleyfi að beiðni Sýslumanns á Norðurlandi vestra. Útgáfa áfengissöluleyfa: Sveitarstjórn gefur umsögn um áfengissöluleyfi í Skagabyggð að beiðni Sýslumanns á Norðurlandi vestra.

### Stjórnsýsla sveitarfélaga

Álagning og innheimta opinberra gjalda: Sveitarstjórn setur gjaldskrár ár hvert samhliða fjárhagsáætlun hvers árs. Gjaldskrár eru birtar á vefsíðu sveitarfélagsins og þær sem við á í B- deildum stjórnartíðinda. Oddviti ber ábyrgð á því í umboði sveitarstjórnar fyrir sveitarfélagið í heild að framfylgja álagningu og innheimtu. Álagning og innheimta er að mestu rafræn. Sveitarfélagið er með samning við innheimtufyrirtæki. Starfsmannamál,



kjarasamningar: Oddviti fer með þessi mál í sveitarfélaginu. Sveitarstjórnir - verkefni og skyldur: Sveitarstjórn sveitarfélagsins vinnur eftir sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Upplýsingagjöf: Sveitarfélagið vinnur eftir upplýsingalögum nr. 140/2012. Vefsíða sveitarfélagsins er mikilvægur hlekkur í upplýsingagjöf sveitarfélagsins og eru allar helstu upplýsingar að finna þar, sveitarfélagið er einnig með fésbókarsíðu sem er opin öllum til þess að miðla upplýsingum. Varðandi beiðni á grundvelli upplýsingalaga er hægt að beina öllum slíkum beiðnum til oddvita sveitarfélagsins. Útboð opinberra framkvæmda og innkaupa: Oddviti sér um útboð opinberra framkvæmda og innkaupa fyrir sveitarfélagið. Farið er eftir lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 og innkaupareglum sveitarfélagsins. Sveitarfélagið er aðili að rammisamningi í gegnum Samband íslenskra sveitarfélaga. Varðveisla skjala: Sveitarfélagið fer eftir lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Sveitarstjóri ber ábyrgð á varðveislu skjala í Skagabyggð í samstarfi við sveitarstjórn.

## Lögheimil verkefni

Skagabyggð er aðili að landshlutasamtökunum SSNV (Samtök sveitarfélaga á norðurlandi vestra) Samtökin eru hagsmuna- þjónustu, og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna. Helstu málaflokkar eru byggðapróun, atvinnumál, menntamál, samgöngumál, menningarmál og kynning á Norðurlandi vestra. Markmið samtakanna eru:

- Að efla samvinnu sveitarfélaga og auka þekkingu sveitarstjórnarmanna á verkefnum sveitarstjórna
- Að vinna að hverjum þeim verkefnum sem aðildarsveitarfélög eða löggjafinn kunna að fela þeim
- Að tyrkja stöðu aðildarsveitarfélaganna á landsvísu
- Að stuðla að eflingu atvinnulífs á Norðurlandi vestra

SSNV starfar í samvinnu við önnur landshlutasamtök sveitarfélaga, Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra aðila eftir því sem hagsmunir bjóða hverju sinni og við verður komið.

Björgunarsveitir: Skagabyggð stykir björgunarsveitina Strönd á Skagaströnd. Græn skref: Skagabyggð tekur þátt í Grænum skrefum. Vinna eftir Grænum skrefum er hafin í samvinnu við SSNV og stefnt að innleiðingu í lok árs 2024. Skagabyggð rekur félagsheimilið Skagabúð út á Skaga þar sem hægt er að fá gistingu hvort heldur sem er inni eða tjaldsvæði á lóð félagsheimilisins. Ýmsir styrkir: Skagabyggð veitir styrki til ýmissa verkefna í héraðinu.

## Endurskoðun

Stefna þessi er endurskoðuð að lágmarki á hverju ári samhliða fjárhagsáætlun skv. 130 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Stefna þessi er fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi.

Samþykkt á 8. fundi 2023 sveitarstjórnar Skagabyggðar þann 07.12.2023.